

Reglur um úthlutun bílastæða fyrir hreyfihamlaða á lóðum í eigu Reykjavíkurborgar.

1. gr.

Skilyrði fyrir úthlutun stæðis er að umsækjandi eigi lögheimili í Reykjavík. Stæðum skal aðeins úthlutað við lögheimili umsækjanda.

2. gr.

Umsókn skal berast á sérstöku eyðublaði til Þjónustumiðstöðvar Laugardals – Háaleitis Síðumúla 39 ásamt eftirtöldum fylgigögnum:

- a. Leyfi lögreglustjóra fyrir P-merki.
- b. Læknisvottorði á sérstöku eyðublaði.
- c. Eignaskiptasamningi sem sýnir fram á rétt umsækjanda til bílastæðis á lóðinni.

3. gr.

Umsækjandi fær staðfestingu frá þjónustumiðstöð þess efnis að umsókn hafi verið móttækin og að hún verði afgreidd innan mánaðar. Jafnframt er vakin athygli umsækjanda á því ef gögn vantar.

Þjónustumiðstöð sendir læknisvottorðið til trúnaðarlæknis Reykjavíkurborgar sem metur það og sendir umsögn til þjónustumiðstöðvar.

Þjónustumiðstöð sendir afrit af umsókninni til gatnamálastjóra sem kannar vettvang og sendir umsögn til þjónustumiðstöðvar. Auk þess leitar gatnamálastjóri álits framkvæmdastjóra Bílastæðasjóðs Reykjavíkur, ef bílastæði sem breyta þarf, er í eigu sjóðsins.

4. gr.

Sérstök nefnd skipuð fulltrúa þjónustumiðstöðvar, fulltrúa gatnamálastjóra og trúnaðarlækni Reykjavíkurborgar, metur umsóknirnar.

Við ákvörðun úthlutana er læknisfræðilegt mat lagt til grundvallar en í undantekningartilvikum er einnig litið til félagslegra aðstæðna umsækjanda.

Umsækjanda er sent svarbréf þar sem fram kemur niðurstaða umsóknar og þar sem honum er bent á málskotsrétt. Í bréfinu skal koma fram að gatnamálastjóri láti útbúa skiltið og setja það upp, en umsækjandi þurfi að greiða fyrir skiltið. Jafnframt skal tekið fram í bréfinu að leyfi sé veitt til 5 ára í senn, nema aðstæður breytist.

5. gr.

Gera skal skriflegan samning við umsækjanda með ákvæði um tilkynningarskyldu um breyttar aðstæður.

6. gr.

Ef gera þarf breytingar við götur eða bílastæði á borgarlandi vegna úthlutunar er það gert á kostnað Reykjavíkurborgar/gatnamálastjóra.

7. gr.

Ákvörðunum nefndarinnar er hægt að skjóta til velferðarráðs Reykjavíkurborgar. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.